



nóvember, 2021

## Colas Ísland hf. – Almennir kaupskilmálar

### 1. Gildissvið

- 1.1. Þessir almennu kaupskilmálar gilda um öll kaup Colas Ísland hf., kt. 420187-1499 (hér eftir „Colas“) á hvers konar vörum og þjónustu, þ.m.t. en ekki takmarkað við hugbúnað (hér eftir „afhendingin“ eða „vörurnar“) frá birgi (hér eftir „birginn“) og teljast skilmálar þessir samþykktir þegar birginn hefur gefið út pöntunarstaðfestingu eða á annan hátt framkvæmir innkaupapöntun frá Colas.
- 1.2. Eigin söluskilmálar birgis, almennir skilmálar birgja eða önnur skilyrði birgja, gilda því ekki um viðskiptin, hvort sem Colas telst meðvitað um þá eða ekki. Fyrirvarar eða frávik birgja frá skilmálum þessum teljast jafnframt ekki gildir nema fyrir liggi skriflegt samþykki Colas.

### 2. Afhending

- 2.1. Sé annað ekki tekið fram í innkaupapöntun, fer afhending fram sem DDP (skv. Incoterms 2020) á því heimilisfangi sem Colas tilgreinir.
- 2.2. Birgi ber skylda til að fá skriflega staðfestingu frá Colas um móttöku afhendingar. Við útgáfu reiknings er birgi skylt að afhenda fylgiseðil samhliða vörunni hvar fram kemur a.m.k.: (i) innkaupapöntun Colas; (ii) upplýsingar um viðkomandi vöru; (iii) tilgreining á öllum eftirfarandi afhendingum vegna sömu pöntunar; og (iv) staðfestingu móttöku.
- 2.3. Ef afhendingin felur í sér uppsetningu, ber birgi að framkvæma hagnýtipróf á uppsetningunni. Telst afhending hafa átt sér stað þegar sýnt er fram á að uppsetningin sé gallalaus.
- 2.4. Ef Colas hefur samþykkt hlutaafhendingu telst afhending aðeins hafa átt sér stað þegar síðasti hluti vörunnar er afhentur.
- 2.5. Það leysir birgi ekki undan ábyrgð þó Colas viðhafi eftirlit með afhendingu.
- 2.6. Eignarhald færir til Colas við afhendingu skv. gr. 2.1., þó þannig að feli afhending í sér vöru sem er sérsniðin að þörfum Colas á afhendingarstað, telst afhending hafa átt sér stað þegar sérsniði er lokið.

### 3. Verð og reikningsgerð

- 3.1. Öll verð skulu gefin upp á reikningi í íslenskum krónum, og skulu teljast innihalda alla skatta (þ.m.t. virðisaukaskatt) og gjöld. Þá teljast verðin innihalda alla nauðsynlega viðbótarþjónustu, umbúðir, samþykki, leyfi, árstíðabundnar ráðstafanir og sendingarkostnað. Sé einingaverð gefið upp telst það jafnframt innihalda allt framangreint.
- 3.2. Colas greiðir engin gjöld í tengslum við reikningagerð og greiðslu hvaða nafni sem þau nefnast, s.s. seðilgjöld eða umsýslugjöld.
- 3.3. Reikningur skal vera á þann hátt sem Colas tilgreinir í innkaupapöntun og getur aðeins verið sendur þegar full afhending hefur átt sér stað og verið samþykkt af Colas.



nóvember, 2021

- 3.4. Þegar birgir hefur sent fram fullnægjandi reikning skv. gr. 3.3. í kjölfar afhendingar mun Colas greiða reikninginn innan 30 daga frá næstu mánaðamótum að telja, ef ekki um annað er samið.

#### 4. Vörurnar

- 4.1. Birginn ábyrgist að hinar afhentu vörur eða þjónusta séu: a) nýjar, ónotaðar og gallalausar; (b) án allra kvaða og veðbanda; c) virði rétt þriðja aðila, þar með talið hugverkarétt, og brýtur þannig ekki gegn þeim; d) í góðum og venjulegum gæðum fyrir íslenskan markað eða þann markað sem Colas segir að nota eigi vörurnar; (e) í fullu samræmi við innkaupapöntun Colas og sýnishorn; og (f) að fullu í samræmi við allt kynningarefni frá birgi og framleiðanda.
- 4.2. Vörunum skulu fylgja allar venjulegar og nauðsynlegar leiðbeiningar um uppsetningu, notkun og viðhald, viðeigandi öryggisblöð (e. *Safety data sheet*) sem afhenda skal Colas bæði á prentuðu og rafrænu formi í síðasta lagi við afhendingu, á íslensku (nema Colas óski eftir þeim á ensku).
- 4.3. Það telst galli ef vörurnar eru ekki í samræmi við ákvæði gr. 4.1. og 4.2. og samkomulag aðila. Komi upp galli hefur Colas val um eftirfarandi vanefndaúrræði: (a) að birgir lagi þegar í stað þann galla sem til staðar er, án endurgjalds, og beri allan kostnað sem því fylgir. Óski Colas eftir því skal viðgerð eiga sér stað utan hefðbundins vinnutíma; (b) að Colas kaupi þegar í stað nýja vöru annars staðar frá í stað hinnar gölluðu vöru á kostnað birgis; (c) að birgir greiði þegar í stað hæfilegan hlutfallslegan afslátt (d) öll önnur vanefndaúrræði sem lög áskilja.
- 4.4. Ef birginn framkvæmir ekki þegar í stað viðgerðir skv. gr. 4.3. (a) eða slíkar eru ekki mögulegar eða raska starfsemi Colas, getur Colas rift viðskiptunum án fyrirvara.
- 4.5. Ábyrgð birgis vegna galla rennur út tveimur árum eftir að afhending hefur átt sér stað, nema: (a) viðskiptin falla undir gr. 4.1. (b) eða 4.1. (c) skilmála þessara; b) dómaframkvæmd felur í sér lengri hefðbundna ábyrgð á sambærilegri vöru; c) um er að ræða vöru sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup; d) birgir hefur skuldbundið sig til eða markaðssett lengri ábyrgð en til tveggja ára. Nýtt tveggja ára ábyrgðartímabil telst hefjast þegar birginn gerir við eða skiptir út gallaðri vöru.
- 4.6. Ekkert í þessari 4. gr. getur leyst birginn undan ábyrgð skv. 7. gr. skilmála þessara.

#### 5. Breytingar og afpantanir

- 5.1. Colas er frjálst að fara fram á breytingar á vörum eftir að pöntun hefur átt sér stað en fyrir afhendingu. Er þá birgi frjálst að koma með tillögu að breyttum vörum, en slíkar tillögur teljast aldrei samþykktar af Colas nema skriflegt samþykki liggi fyrir.
- 5.2. Colas hefur rétt á að fresta móttöku og þar með greiðslu án kostnaðar um allt að þrjú mánuði.
- 5.3. Colas áskilur sér rétt til að afpanta vörur hvenær sem er eftir pöntun en fyrir afhendingu, nema annað leiði af skriflegu samkomulagi aðila. Birgir getur við þær aðstæður ekki gert kröfur á Colas um annað en sannanlegan útlagðan kostnað.



nóvember, 2021

## 6. Seinkun á afhendingu

- 6.1. Þeir afhendingartímar sem tilgreindur eru í innkaupapöntunum eru forsenda Colas fyrir kaupum á vörum. Allar vanefndir þar á geta því valdið forsendubresti Colas fyrir viðskiptunum.
- 6.2. Birgir skal strax tilkynna Colas ef seinkun á afhendingu er fyrirsjáanleg og tilkynna samhliða hvaða ráðstafana birgir hefur gripið til af þeim sökum.
- 6.3. Verði tafir á afhendingu, þ.m.t. af einum hluta í hlutaafhendingu, á Colas rétt á að krefja birgi um skaðabætur án þess að sanna tjón í formi 1% samningsfjárhæðar (þó að lágmarki 50.000 krónur), fyrir hvern vinnudag sem seinkun varir. Þá á Colas ávallt rétt á að halda eftir eigin greiðslu.
- 6.4. Framangreindur réttur Colas skv. gr. 6.3. takmarkar í engu og er til viðbótar við hefðbundin vanefndaúrræði skv. íslenskum rétti.

## 7. Ábyrgð og tryggingar

- 7.1. Aðilar bera ábyrgð í samræmi við ákvæði íslensks réttar.
- 7.2. Birgir skal halda Colas skaðlausum á hvers konar kröfum frá þriðju aðilum sem rekja má til galla eða afhendingardráttar birgis á vörum, þ.m.t. en ekki takmarkað við brot á hugverkaréttindum eða 9. gr. skilmála þessara.
- 7.3. Birgir skuldbindur sig til að hafa keypt allar tryggingar sem hefðbundnar eru í starfsemi birgis, þ.m.t. ábyrgðartryggingar fyrir vörurnar.

## 8. Öryggi og eftirlit

- 8.1. Við afhendingu á vinnusvæðum Colas skulu starfsmenn birgja og allir aðilar á hans vegum, þ.m.t. verktakar, fylgja öllum gildandi öryggisreglum, þ.m.t. um hlífðarfatnað, hlífðarbúnað o.s.frv.
- 8.2. Birgir skal sjá til þess að hann og allir aðilar á hans vegum, þ.m.t. undirverktakar, standist kröfur Bouygues hópsins um samfélagslega ábyrgð, sem aðgengilegar eru á [www.colas.com](http://www.colas.com).
- 8.3. Birgir skal sjá til þess að starfsmenn hans og allra aðila á hans vegum, þ.m.t. undirverktaka, séu tryggð öll þau kjör og starfsskilyrði sem kveðið er á um fyrir sambærileg störf í kjarasamningum á Íslandi.
- 8.4. Birgir skuldbindur sig til að sjá til þess að Colas sé fært að sinna eftirliti með því að birgir og allir aðilar á hans vegum uppfylli á hverjum tíma skilyrði skilmála þessara.

## 9. Leyfi og hugverkaréttindi

- 9.1. Birgir heldur öllum hugverkaréttindum af vörum sem ekki eru sérsniðnar fyrir Colas. Colas fær hins vegar alþjóðlegan og ótakmarkaðan og framseljanlega afnotarétt á vörum óháð hugverkaréttindum birgis.
- 9.2. Á vörum sem sérsníða þarf fyrir Colas öðlast Colas öll hugverkaréttindi án nokkurrar viðbótargreiðslu eða athafna.



nóvember, 2021

- 9.3. Birgir ábyrgist að afhending hugverkaréttinda til Colas brjóti í engu gegn rétti þriðja aðila.

## 10. Trúnaður

- 10.1. Birgir skuldbindur sig til að halda trúnað um alla þá starfsemi Colas sem hann fær vitneskju um í viðskiptunum, þ.m.t. en ekki takmarkað við öll innri málefni Colas, viðskiptaleg málefni, tæknileg atriði o.s.frv. Trúnaðarskyldan heldur þó viðskiptum sé lokið.
- 10.2. Birgi er óheimilt án skriflegs samþykkis Colas að nota nafn Colas, vörumerki eða auðkenni, við hvers konar markaðssetningu.

## 11. Undirverktaka og framsal

- 11.1. Birgi er óheimilt að nota undirverktaka nema fyrir liggi skriflegt samþykki Colas. Þrátt fyrir að slíkt samþykki liggi fyrir ber birgir fulla ábyrgð á öllum störfum undirverktaka og eftir atvikum þeirra undirverktaka, og gilda öll ákvæði skilmála þessa sem vísa til birgis um þá undirverktaka.
- 11.2. Colas getur óskað eftir lista yfir undirverktaka birgja og hefur heimilt til að afturkalla samþykki sitt fyrir notkun tiltekins undirverktaka hvenær sem er án skýringa.
- 11.3. Birgi er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur í þeim viðskiptum með vörurnar sem skilmálar þessir gilda um.
- 11.4. Colas er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur í þeim viðskiptum með vörurnar sem skilmálar þessir gilda um innan samstæðu eða til þriðja aðila, enda sé framsalið samhliða framsali hluta eða allri starfsemi Colas til þess þriðja aðila.

## 12. Persónuupplýsingar

- 12.1. Colas kann að vinna með persónuupplýsingar kaupanda. Vinnsla Colas á slíkum upplýsingum fer fram í samræmi við persónuverndarstefnu Colas sem má finna á [www.colas.is](http://www.colas.is).

## 13. Uppsagnarákvæði

- 13.1. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að segja upp samningi (sem telst kominn á með innkaupapöntun þegar þessir skilmálar taka sjálfkrafa gildi) þegar í stað og krefjast bóta ef: (a) gagnaðili vanefnir skyldur sínar verulega; eða (b) bú gagnaðila er tekið til gjaldþrotaskipta, hann leitar nauðasamninga, fær heimild til greiðslustöðvunar, gert er árangurslaust fjárnám hjá gagnaðila eða hann leitar einhvers konar lögbundinnar endurskipulagnar fjárhags.
- 13.2. Colas er einnig heimilt að segja samningi upp án fyrirvara ef: a) Afhending seinkar eða fyrirséð er að afhendingu muni seinka um 5 virka daga eða meira; b) Vörurnar eða afhendingin telst gölluð á þann veg að það hefur þýðingu fyrir starfsemi Colas; c) Birgir eða einhver undirverktaka birgis vanrækja að uppfylla skyldur sínar skv. 8. og 10. gr. hér að framan; d) Birgir




nóvember, 2021

eða eignir hans verða að hluta til eða öllu leyti í eigu samkeppnisaðila Colas eða samkeppnisaðila fyrirtækis innan samstæðu Colas.

#### 14. Lög og lögsaga

- 14.1. Um skilmála þessa og viðskipti Colas og kaupanda með vörurnar gilda íslensk lög.
- 14.2. Úrlausn ágreiningsmála vegna skilmála þessara og viðskipti Colas og kaupanda með vörurnar, sem ekki tekst að leysa í sátt, skal heyra undir Héraðsdóm Reykjaness.

  
pr.pr. **Colas Ísland hf.**  
Kt. 420187-1499

